

Alþingi
Erindi nr. þ 125/1236
komudagur 24.3.2000

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík.

TELEFAX
n. 563 0610

Umsögn Skjólskóga á Vestfjörðum um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum
386.mál.

**Athugasemdir skjólskóga á Vestfjörðum beinast eingöngu að ákvæðum 2.viðauka
I.d. - um nýræktun skóga.**

Í texta í lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni (sem Skjólskógar á
Vestfjörðum starfa eftir) segir að stefnt skuli að ræktun skóga á allt að 5% flatarmál-
lands undir 400m hæðarlínu.

Umhverfismat er kostnaðarsöm framkvæmd og mun vafalaust torvelða mjög
framkvæmd verkefnisins sem gerir þó ekki ráð fyrir nema að rétt rúmlega tvöfalda
skógarþekju lálendis á Vestfjörðum, en nú þekja birkiskógar/kjarr líðlega 20.000 ha
en Skjólskógar miða við að rækta aðra 28.000ha.

Viss tilhneiging gæti orðið (til að spara) að ræktunnarflétir verði hafðir minni en
40ha. en það væri líklega niðurstaða sem að stungi mjög í stúf við almennan vilja til
að fella skógrækt að landslagi. Þekkt er að mannsaugað sættirsig best við hlutföll sem
eru sem næst 1/3 á móti 2/3. Þessi hlutföll stinga ekki í augað og skynjunin verður
opið land með skógi, eða skógi vaxið land eftir því hvorn hlutann skógurinn fyllir.

Almennt má ætla að umhverfisáhrif skógræktar verði svipuð frá einum stað til annars
því væri vænlegra að nota sömu reglu og um uppgræðslu sbr. e-lið 1.gr. viðauka 2.
sem gæti þá orðast þannig: *Skógræki og uppgræðsla lands á verndarsvæðum.*
Draga má skýrar línur í skipulagsfasa framkvæmda, hvar alls ekki skuli rækta skóg
eða rétt þyki að varðveita skóglæust land af ýmsum öðrum ástæðum.

Skjólskógar á Vestfjörðum er í eðli sínu *landhúnaðarframkvæmd* og því er erfitt að
koma auga á nauðsin þess að framkvæma umhverfismat á verkefnum yfir einhverjum
sérstökum stærðarmörkum, fremur en við ræktun túna, uppgræðslu eða beitar.
Umhverfisáhrif verkefnisins verða fyrst og fremst afár jákvæð hvað varðar búsetu og
afkomu fólks.

Lyngholti 23.03.2000
f.h. Skjólskóga á Vestfjörðum


Sæmundur Kr. Þorvaldsson framkv.stj